

Viðhorf til menntunar *

Ef gera ætti full skil meginverkefni þessarar ráðstefnu¹ þyrfti að taka afstöðu til ótal spurninga um markmið og leiðir skóla, stjórnun þeirra og rekstur, námsbrautir þeirra, gerð námsskrár í einstökum kennslugreinum, réttindi nemenda við nám og að námi loknu, menntun kennara á einstökum stigum og í hinum ýmsu greinum og margra annarra atriða.

Málið í heild er svo mikilvægt, einstök atriði þess svo mörg og snúin, að tilraunir okkar til að gera því skil hljóta að verða harla ófullkomnar. Við kunnum engin ráð til að takast á við hin margvíslegu verkefni sem leysa þarf á farsælan hátt.

Ástæðan fyrir þessu ráðaleysi er sú að hvert einstakt verkefni er órofa tengt öðrum verkefnum. Það er því ókleift að tala um „lausn“ á einu vandamáli án þess að jafnskjótt rísi upp fjölmörg önnur vandamál óleyst. „Góðar hugmyndir“ um eitt atriði geta verið „vondar“ frá öðru sjónarmiði (t.d. getur samræmd námsskrá – sem kannski er „góð hugmynd“ – haft ólýsanlega erfiðleika í för með sér fyrir kennara, svipt þá frumkvæði sem þeim er nauðsynlegt).

Skólamál eru eins og óendanlega flókið reikningsdæmi sem við þekkjum einungis í brotum, höfum enga yfirsýn yfir, en verðum

* Erindi flutt á ráðstefnu Bandalags háskólamanna um menntun á framhaldsskólastigi, 21.-22. október 1977. Erindið birtist í *Stúdentablaðinu*, 54. árg. 2. tbl., 1978.

¹ Meginefni ráðstefnunnar voru tengsl framhaldsskóla og háskóla. Halldór Guðjónsson, Sveinbjörn Björnsson og ég höfðum fengið það verkefni að ræða skiptingu námsefnis á milli þessara skóla.

samt að leysa fyrir morgundaginn, ef við eigum ekki að falla á prófum hinn daginn. Og teljum við okkur *ranglega* hafa lausnir í höndunum, þá er það eitt víst að við stöndumst ekki prófið. Sitjum við auðum höndum eða mætum ekki til leiks gildir hið sama.

Hér verður reynt að nálgast eina hlið þessa verkefnis með því að skýra og gagnrýna viðhorf til menntunar og menntamála. Hvert viðhorfið til menntunar er getur ráðið úrslitum þegar svara skal spurningu eins og þeirri sem lögð hefur verið fyrir okkur hér: Hvað ræður skiptingu námsefnis milli framhaldsskóla og háskóla? Ég mun ekki leita svara við þessari spurningu heldur líta á hana sem dæmi um þann almenna vanda sem okkur er á höndum.

VANDKVÆÐI

Þessi spurning – „hvað ræður skiptingu námsefnis milli framhaldsskóla og háskóla?“ – kann að leiða okkur á villigötur, því að forsenda þess að henni verði svarað er að til væru einhverjar reglur til að flokka námsefni, líkt og varningur er flokkaður í búðum – í einni hillu eru leikföng fyrir börn, í annarri dót handa unglíngum, í hinn þriðju eitthvað fyrir konur o.s.frv.

Þannig væri gengið að því vísu að eitthvert námsefni hæfði þessum hóp eða hinum og þar með þætti víst hvers konar hópar það væru sem leituðu í skóla eða væru í skólum. Þá væru eiginleikar einstaklinga í hverjum hópi væntanlega einnig þekktir. Við vissum hverjar gáfur þeirra væru, hvað þeir vildu og hvers vegna. Síðast en ekki síst hlytum við að telja okkur vita hvað þeim væri fyrir bestu. Við teldum okkur sem sé vita hvað menntun er og hvernig menn fái best þroskast.

En þetta *vitum* við alls ekki. Við höfum alls konar hugmyndir og skoðanir á þessum málum, en ekki neina örugga vitneskju eða þekkingu. En einmitt af því að við *höldum* að við vitum miklu meira en við vitum í raun og veru, leiðum við sjaldnast hugann að þeim *skilningi* á menntun sem allar tillögur okkar eða ákvarðanir í menntamálum eru reistar á. Ráð okkar endurspegla þá einungis fordóma okkar eða viðtekinn en ógrundaðan skilning á því „hvað börnunum er fyrir bestu“. Og þar sem við gerum okkur oft ljóst

undirstöðuleysi skoðana okkar og hugmynda um menntun – án þess þó að leggja út í það að finna raunverulega fótfestu – þá gefum við okkur tækninni á vald. Tæknilega má benda á ótal leiðir og ráð, og það er hægur vandi að taka ákvarðanir um að þetta eða hitt náms-efnið eigi fremur heima í framhaldsskóla en háskóla, það má búa til alls kyns „menntunarþrógröm“ og námsskrár og hafa þær eins ítarlegar og mönnum sýnist; og það er auðvelt að setja alls konar lög og reglur um einstök atriði, t.d. um þátttöku nemenda við mótun námsskrár, rétt þeirra til að velja sér námsbrautir; það má gefa kennurum frjálsar hendur um kennsluaðferðir, og við getum opnað háskólann fyrir öllum sem eru læsir og skrifandi. Og þetta er gert.

Ákvarðanir um öll slík framkvæmdaatriði horfa fram hjá kjarna málsins, *inntaki menntunar*. Um leið svara slíkar ákvarðanir hinum mikilvægustu spurningum um menntun án þess að þær spurningar hafi raunverulega verið bornar fram og við þær fengist af alvöru. Mikilvægust slíkra spurninga er þessi: Hvaða eiginleika, gáfur eða hæfileika manna ber að leggja mesta rækt við, þ.e. hvers konar manneskjur kærur við okkur um að vera?

Spurningar af þessu tagi skipta í raun og veru öllu máli, þó að við höfum engin tæki til að svara þeim í eitt skipti fyrir öll og á tæmandi hátt. Þær skipta öllu máli vegna þess að „svörin“ við þeim setja svip sinn á allt menntakerfið frá barnaskóla til háskóla.

Þessi „svör“ koma ævinlega fram í hugmyndum okkar kennara um það hvernig nemendur eiga að vera, hvað þeim sé hollt, hverjir séu góðir nemendur o.s.frv. – Og þau endurspeglast líka í hugmyndum nemenda um það hvernig kennarar eiga að vera. Þessar matshugmyndir, þetta gildismat nemenda og kennara, móta skoðanir manna á því hvernig nemendur og kennarar eru í raun og veru: heimskir eða gáfaðir o.s.frv.

Hvergi er vitnað jafn vægðarlaust til staðreynda og þar sem hleypidómar hafa fundið sér helgan reit, en það er ekki síst í hversdagslegustu viðhorfum manna til sjálfra sín og annarra. Því er brýn nauðsyn að huga vandlega að fordómum og viðteknum viðhorfum í menntamálum, áður en settar eru reglur um skiptingu eða niðurröðun námsefnis á skólastig.

MENNTAKERFIÐ SEM MARKAÐSKERFI

Ég mun nú reyna að lýsa nokkrum meginráttum þess viðhorfs sem mér virðist að móti umfjöllun margra menntamanna um menntamál. Þetta viðhorf tel ég hindra að tekist sé af fyllstu alvöru á við það verkefni að endurmóta eða umbylta menntakerfi okkar.

Ein er sú meginforsenda sem við virðumst geta gengið að vísri á hvaða hliðar eða einstök atriði skólamála sem við lítum: *skólum er ætlað að veita menntun*. Hér höfum við fastan punkt, eitthvað algerlega sjálfsagt til að styðjast við. Öll endurskoðun skólamála hlýtur því að hafa það markmið að skólar ræki þetta hlutverk sitt betur. Og úr því að þetta meginatriði er ljóst og enginn ágreiningur um það, virðist vandinn að hálfu leystur. Við vitum hvert stefna skal – eftir er einungis að finna leiðirnar að settu marki. Vandinn er m.ö.o. tæknilegur, hann snýst um þau ráð sem okkur eru tiltæk til að veita sem mesta og besta menntun, finna aðferðirnar sem hentugastar eru. Þau orð sem látin voru falla í upphafi þessa máls um ólýsanlegan vanda þess að leysa verkefni okkar hafa því verið ótímabær og allt of hörð. Frá sjónarhóli menntunarmarkmiðs skóla fæst næg yfirsýn og dæmið virðist liggja ljóst fyrir. Eftir er það eitt að huga að fjárhagsgetu okkar og tækjum til að fást við vandamálin – og ganga síðan skipulega til verks.

Einmitt þetta virðist mér vera ríkjandi hugsunarháttur. Þá er litið á menntamál sem rekstrarhagfræðileg vandamál sem leysa meggi með því að endurskoða menntakerfið og breyta skipulagi skólanna. Menntun væri göss eða gæði.

Þessi skilningur á menntun sem gæðum er reyndar fólgin í hinum almenna skilningi sem ég sagði að allir *virtust* á einu máli um, þ.e. að hlutverk skóla sé að veita eða framreiða menntun – menntun er þá eitthvað sem fæst í skólum, eins konar varningur eða vara á boðstólum í kjörbúðinni „Skólakerfi“. Það má því tala um framleiðslu menntunar, framboð á menntun og eftirspurn eftir menntun – í sama skilningi og talað er um framleiðslu á bílum, framboð á bílum og eftirspurn eftir þeim. *Menntakerfið er þannig skilið sem markaðskerfi*, þar sem lögmál framboðs og eftirspurnar ríkja.

MENNTUN Í MARKAÐSKERFI

Ef fjallað er um skólamál á þennan hátt skiptir inntak menntunar engu meginmáli, en hitt öllu hvort menn fá hana, hvaða not sem þeir vilja hafa af henni – í þágu starfs, lífshamingju eða einhvers annars. Aðalatriðið er að menntunin – hver sem hún er – er tæki manna, eitthvað sem þeir geta eignast eða lagt undir sig, hafi þeir fjárráð og getu til. Góð og mikil menntun er samkvæmt þessu hin besta eign – ekki aðeins á framabrautum þjóðfélagsins, heldur til að skoða með sjálfum sér og dást að sem andlegri séreign. *Æðri menntun* er því samkvæmt þessu viðhorfi eign sinnar tegundar – hliðstæð einbýlishúsi á góðum stað í bænum – enda varla önnur skýring hugsanleg á því atferli sumra að sóa dýrmætum tíma sínum og öllu fé til að afla sér „æðri menntunar“ sem ekki veitir öruggan aðgang að hálaunuðum stöðum. *Æðri menntun* er í þeim skilningi mikilvægari eign en einbýlishús að einhverjar líkur eru þó á að hægt sé að smygla henni með sér yfir um.

Ef menntakerfið er þannig skilið sem markaðskerfi – á þeim grundvelli að menntun sé gæði eða eign, háð huglægu mati – blasir við að menntakerfið hlýtur að vera stefnulaust í veigamiklum atriðum. Réttara sagt: stefna þess ætti að ráðast af breytilegu huglægu mati manna á menntunargóssinu, framboðið ætti að ráðast af eftirspurninni. Annað almennt viðhorf til menntunar ætti ekki að vera til; og að svo miklu leyti sem eftirspurnin eftir menntun hefði ekki ákvarðandi áhrif á framboðið, þá væri kerfið í bókstaflegum skilningi marklaust.

Þeir sem ábyrgir eru fyrir rekstri menntakerfisins eiga því að taka mið af óskum fólks eftir menntun. Nú eru óskir fólks mjög breytilegar – einn vill þessa menntun, annar hina. Eftirspurnin er yfirleitt mjög sundurleit og því erfitt að meta hvort og hvenær bjóða skuli upp á þessa menntunina eða hina á markaðnum.

Þessi almenna viðmiðun dugar þess vegna skammt, og það sem oftast er talið skera úr um það hvað kenna skuli eða hvaða námsbrautum skuli haldið uppi er afkastageta kerfisins. En þar sem skólakerfið er í rauninni *ekki* verksmiðja eða fyrirtæki, þá veit enginn nákvæmlega hvað kerfið getur eða getur ekki, þar af leiðandi verður allt tal um það sem er raunverulega hægt eða ekki,

meira og minna í lausu lofti. Allar vangaveltur um þau efni verða að einu allsherjar blekkingarneti. Það er hægt að setja á fót námskeið í hverju sem er og gera hvað sem er í skólunum. Og við getum reist tíu sinnum fleiri skólahús án þess að valda nokkrum teljandi vandræðum í ríkisrekstrinum.

Spurningin snýst alls ekki um það hvað hægt er að gera í skólumálum okkar – við getum gert nánast hvað sem okkur sýnist – heldur hvort það sem við gerum er æskilegt eða óæskilegt, gott eða vönt.

Að ætla sér að miða við óskir fólks þegar ákveða skal framboð menntunar er ekki aðeins óraunhæft þegar til kastanna kemur. Þessi viðmiðun er ekki annað en fróm ósk sem villir mönnum sýn á kjarna málsins. Það er ekki eftirspurnin sem ræður framboðinu heldur miklu fremur öfugt. Í miðstýrðu menntakerfi eins og við búum við er víxlverkun framboðs og eftirspurnar aðeins yfirborðsfyrirbæri. „Framboðið“ skiptir öllu máli, einokun skólanna á menntun veldur því að „eftirspurnin“, óskir fólks, er fyrirfram ákvörðuð næstum því út í ystu æsar. Allt tal um eftirspurn, óskir, framboð og framleiðslu er því villandi þegar rætt er um menntun. – Kjarni málsins er sá að mönnum er alls ekki frjálst hvort þeir menntast eða ekki, ekki fremur en lífveru er frjálst hvort hún vex og dafnar eða fölnar og deyr. Mennirnir menntast hvað sem öllum mennta- og markaðskerfum líður. Þar með er ekki sagt að kerfin, markaðs- eða miðstýringarkerfi, skipti ekki máli, öðru nær: þau skipta mjög oft öllu máli.

Öll stjórnun mennta- og skólamála er reist á hugmyndum um það hvers konar menntun sé æskilegt að gera fólki kleift að öðlast. Slíkar hugmyndir ráðast ekki af geðþóttu manna, hvorki þeirra sem stjórna né hinna sem eiga að njóta kennslu. Vandinn er því í fyrstu alls ekki sá að finna hagkvæmar leiðir til að skipuleggja nám og kennslu, né heldur er vandinn fjárhagslegur. Stjórnun menntakerfisins er einungis tæknileg á ytra borði – í rauninni hvílir hún á rökstuddu eða órökstuddu mati á því hvers konar þroska, þ.e. hvers konar mannlegar gáfur og eiginleika leggja beri rækt við. Þess vegna ber okkur fyrst að íhuga vandlega hvers konar manneskjur við viljum vera, hvers konar manngerðir við viljum ala upp.

EIGINLEGUR SKILNINGUR Á MENNTUN

Hið tæknilega viðhorf til menntunar er *afmenntandi*, vegna þess að menntun öðlast menn einungis af eigin reynslu sem ekki er hægt að tilreiða nákvæmlega handa mönnum með einhverjum tækniráðum eða brögðum. Menntun er ekki góss eða gæði í neinum venjulegum skilningi þess orðs, og skólar hafa ekki neina menntun á boðstólum.

Þeirri skoðun sem hér er hafnað má líkja við herfilegan mis-skilning, ef ekki vísvitandi blekkingu, þeirra kirkjunnar manna sem seldu fólki aðgöngumiða að himnaríki. Það er ekki hægt að kaupa menntun fremur en náð Guðs. Gegn þessari skoðun á menntun vil ég halda því fram að menntun sé þroski, og að skólar séu eða eigi að vera leiðir til þroska.

Með þroska á ég einfaldlega við vöxt eða fullkomnun þeirra eiginleika sem eru mönnum eðlislægir. Að menntast er þá að verða *meira* maður – ekki *meiri* maður – í þeim skilningi að þær gáfur eða eiginleikar sem gera manninn menskan fái notið sín, vaxi og dafni eðlilega. Menntunar í þessum hversdagslega og eiginlega skilningi er ekki hægt að afla sér utan frá; hins vegar er hægt að afla sér ýmissa gæða sem geta stuðlað að menntun. Í samræmi við þessa skoðun veita skólar ekki menntun, heldur framreiða ýmislegt sem ætti að stuðla að menntun, þótt óvíst sé hvernig til tekst. Menntunin sjálf er ævinlega sjálfsmenntun í þeim skilningi að það er lífveran sjálf, maðurinn, sem þroskast, vex og dafnar.

Einhverjum kann að þykja að sú athugasemd mín að skólar veiti ekki menntun heldur bjóði upp á leiðir til menntunar sé einungis hártogun. Í rauninni getur þetta orðalagsatriði ráðið úrslitum um það hvers konar menntakerfi við reynum að móta. Kannski eru þau úrslit þegar ráðin. Kannski hefur sú stefna þegar verið mörkuð að menntunin sjálf skuli utangarðs í menntakerfinu eða réttara sagt að litið skuli á menntunina, þroskann, sem varning eða góss sem hinar ýmsu menntabrautir kerfisins veita þeim sem eftir sækjast.

EIGINLEGT HLUTVERK HÁSKÓLA

Ef þessi almenna greining mín og gagnrýni á eitt ríkjandi viðhorf til menntamála er í aðalatriðum rétt – þó að einstakar röksemdir eða athugasemdir séu vafasamar og kannski allar vitlausar – þá blasir við eitt og aðeins eitt ráð til að ná árangri í viðureigninni við verkefni okkar. Við verðum að reyna að gegnumlýsa þau hugtök og þann hugsunarhátt sem flestir beita nú á skólamál – „af hefð og löggrónum vana, að ljúga sjálfan sig dauðan...“, eins og segir í alkunnu ljóði.²

Slík tilraun til hugmyndalegrar gagnrýni krefst þess að við geymum okkur að ræða tæknileg atriði um gangverk skólakerfisins, leggjum öll lagafrumvörp til hliðar og nemum jafnvel núgildandi reglugerðir um skóla úr gildi, a.m.k. um skeið. Og að við sjálf – í stað þess að halda „leið vorri áfram, hver sína villigötu, hver í sínu eigin lífi vegvilltur, framandi maður“³ – stöldrum við og spyrjum hvernig í ósköpunum við höfum flækst í heimspeki sem kennir að tilraunir okkar til að menntast séu rekstrarhagfræðilegt vandamál og að tilgangur lífsins sé tæknilegt spursmál.

Hér hafa háskólar sérstöku hlutverki að gegna. Ef einhver stofnun eða skóli á að hafa og getur haft frumkvæði að róttækri gagnrýni á hugmyndir okkar og viðhorf í mennta- og menningarmálum, þá er það háskóli, eða sú stofnun sem á erlendum tungum nefnist *universitas*. Háskóli er eina stofnunin í þjóðfélaginu sem hefur það yfirlýsta markmið að ala á gagnrýnisanda og ráðast gegn firrum og fordómum, bábiljum og blekkingum. Gagnrýnishefðin er lífæð allra eiginlegra fræða og vísinda. Þessi hefð er eina trausta haldið sem við höfum. Þess vegna vil ég vona að íhuguð verði eftirfarandi lýsing John Stuart Mills á eiginlegu hlutverki háskóla (*universitas*) þegar næsta frumvarp um skólastigið á eftir framhaldsskólastiginu verður samið:

Eiginlegt hlutverk háskóla í menntun þjóðar er sæmilega vel skilið. Að minnsta kosti eru menn nokkuð sammála um hvað háskóli er ekki. ... Háskóla er ekki ætlað að veita þekkingu sem menn þarfnastr til að afla sér

² Í ljóðinu „Söknuður“ eftir Jóhann Jónsson, *Kvæði og ritgerðir*, Reykjavík 1952, s. 39-41.

³ Úr sama ljóði.

lífsviðurværis á sérstakan hátt. Meginviðfangsefni þeirra er ekki að útskrifa hæfa lögfræðinga, lækna eða verkfræðinga, heldur hæfar og menntaðar manneskjur. ... Það sem starfsmenntaðir menn eiga að flytja með sér frá háskólanum er ekki starfskunnátta eingöngu, heldur það sem bregður birtu almennrar menntunar yfir tæknibrögð sérgreina – það sem á að stjórna því hvernig þeir beita starfskunnáttu sinni.

Menn geta orðið hæfir lögfræðingar án almennrar menntunar, en það er komið undir almennri menntun að þeir verði heimspekilega þenkjandi lögfræðingar, sem leita eftir og eru færir um að skilja undirstöður hlutanna, í stað þess að troða minni sitt fullt af smáatriðum.⁴

Þeirri almennu menntun sem Mill telur að menn eigi að öðlast í háskóla lýsti Sigurður Guðmundsson, skólameistari, með hástemmdum orðum í útvarpsræðu sem hann flutti 1937, þar sem hann segist draga saman hvað vaki fyrir Menntaskólanum á Akureyri í uppeldislegri viðleitni hans:

Sönn menning, lifandi menning, eðlismenning eða eðlismenntun er fólgin í því, að menn leitast jafnan við að nema betur eða meira, skilja meira, breyta ráði sínu eða breyta til eftir því, er þeir sjá og skoða á hverri nýrri sjónarhæð. Menntun er fólgin í þeirri hinni rétt-gáðu dæmigreind, sem í athöfn og stefnu greinir aðalatriði frá aukaatriði, ósvikinn málms lífsverðmæta frá svikum, hégóma og hismi frá líffrjóum raunveruleik og alvarleik. Menntun er fólgin í eðlisleikni í því að meta, skynja, hvað er staðreynd og hvað er hugarburður. Menntun er fólgin í virðingu á staðreyndum, mér liggur við að segja, lotningu fyrir staðreyndum. Menntun er fólgin í því, að menn leitast við að finna forsakir og ástæður staðreynda og atgerða, sjá fyrir orkanir þeirra, áhrif og afleiðingar, virða með *óhlutdrægni* eða *hlutlægni* gildi þeirra, gera sér grein fyrir, hvað er leið að marki og hvað er mark og mið. Því má eigi gleyma, að menntun, í skýrðum skilningi, er eigi menntun, nema hún seytili ofan í hugarrætur vorar, sígi ofan í hvarir vorar og geðsmuni, vökvi þær og frjóvgi. ... Menntun verður, sem blóðið sífellt rennur í æðnum, að sí-líða um hugarfar vort, vera á þann veg eðlismenntun, sem temprar skaplyndi vort, sí-elur hóflæti og gáleika í trú og skoðun, varnar oss að gleyma því, að oss getur jafnan yfirsézt, óviljandi og óvitandi getum vér verið röngu máli fylgjandi. ... Menntun í öllum þeim skilningi, sem ég hefi nú tekið fram, á að vera síðasta markmið skóla vors.⁵

⁴ John Stuart Mill: *Dissertations and Discussions, Political, Philosophical, and Historical, IV*. New York 1873, s. 334-335.

⁵ Sigurður Guðmundsson: *Á sal. Heiðnar hugvekjur og mannaminni II*. Reykjavík 1948, s. 303-304.

UM MENNTUN OG MANNLÍF

Í orðum þeirra Mills og Sigurðar skólameistara felst sú skoðun á menntun að hún sé hvorki bókleg þekking né verkleg kunnátta eingöngu – heldur þroski þeirrar gáfu sem gerir manninn að eilífri gátu andspænis sjálfum sér og veröldinni – gátu sem sífellt verður að takast á við og gagnrýna frá öllum hliðum – eigi menntunin, menningin, ekki að líða undir lok.